

Jafnréttisstefna Akureyrarbæjar

2016 – 2019

Inngangur

Íslensk jafnréttislöggjöf takmarkast við jafnrétti kynjanna og það gerir jafnréttisstefna Akureyrarbæjar einnig. Hún er í samræmi við ákvæði 12. greinar laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 (hér eftir kölluð jafnréttislög) en þar er kveðið á um að sveitarfélög skuli skipa jafnréttisnefndir og gera jafnréttisáætlanir. Þær kröfur eru gerðar til jafnréttisáætlana sveitarfélaga að í þeim komi fram hvernig unnið skuli að kynjasambættingu á öllum sviðum og að þær innihaldi framkvæmdaáætlun um hvernig leiðrétta skuli mismun á stöðu kvenna og karla innan sveitarfélagsins.

Akureyrarbær hefur einnig skyldur samkvæmt jafnréttislögum sem vinnuveitandi og ber því að gera í jafnréttisáætlun sérstaklega grein fyrir hvernig vinna skal að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf, hvernig launajafnrétti skuli tryggt, gæta þess að störf séu opin báðum kynjum og bæði kyn njóti sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar, að gera ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf og koma í veg fyrir kynbundna og kynferðislega áreitni.

Sérstakar kröfur eru einnig gerðar til sveitarfélagsins vegna skólastarfs og íþrótta- og tólmundastarfs og tekur jafnréttisstefnan mið af því. Allar deildir og stofnanir bæjarins skulu taka mið af jafnréttisstefnunni.

Jafnréttissáttmáli Evrópu

Akureyrarbær gerðist aðili að Jafnréttissáttmála Evrópu haustið 2008. Sveitarfélög sem hafa undirgengist hann ber að setja sér aðgerðaáætlanir um hvernig hrinda eigi ákvæðum hans í framkvæmd. Sú aðgerðaáætlun er fléttuð inn í jafnréttisstefnuna.

Meginreglur sáttmálans eru sex talsins:

- Jöfn staða kvenna og karla er grundvallarréttur.

- Til að tryggja jafna stöðu kvenna og karla þarf að taka á margfaldri mismunun.
- Jöfn þátttaka kvenna og karla í ákvarðanatöku er forsenda lýðræðislegs þjóðfélags.
- Afnám staðalímynda kynjanna er grunnur að því að jafnrétti kvenna og karla náist.
- Samþætting kynjasjónarmiða í öllum aðgerðum sveitar- og héraðsstjórna er nauðsynleg til að vinna að framgangi jafnréttis kvenna og karla.
- Aðgerðaáætlanir og verkefni, sem njóta nægjanlegs fjármagns, eru nauðsynleg tæki til að vinna að framgangi jafnréttis kvenna og karla.

Bæjarstjórn hefur samþykkt að í jafnréttisstefnunni verði sérstaklega lögð áhersla á meginregluna um afnám staðalímynda og samþættingu kynjasjónarmiða (kynjasamþættingu).

Samfélags- og mannréttindaráð

Samfélags- og mannréttindaráð fer með hlutverk jafnréttisnefndar. Í samræmi við jafnréttislög fjallar ráðið um stöðu kynjanna innan sveitarfélagsins og er ráðgefandi fyrir bæjarstjórn í þeim málefnum sem varða jafnrétti kynjanna. Ráðinu ber að fylgjast með og hafa frumkvæði að aðgerðum til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla innan sveitarfélagsins.

Samfélags- og mannréttindaráð hefur umsjón með gerð jafnréttisáætlunar og tekur annað hvert ár saman skýrslu samkvæmt beiðni frá Jafnréttisstofu um stöðu og þróun jafnréttismála innan sveitarfélagsins.

Jafnréttisnefnd var fyrst skipuð á Akureyri árið 1982 og var fyrsta jafnréttisáætlunin gefin út 1989. Jafnréttisfulltrúi var ráðinn til starfa árið 1991 og var það í fyrsta sinn sem ráðið var í slíkt starf hjá íslensku sveitarfélagi. Akureyrarbær hlaut jafnréttisviðurkenningu Jafnréttisráðs þegar hún var veitt í fyrsta skipti árið 1992. Samkvæmt Jafnréttisvöginni frá Jafnréttisstofu árið 2008 er Akureyri það sveitarfélag landsins þar sem staða kynjanna er jöfnust.

Jafnréttisráðgjafi

Framkvæmdastjóri samfélags- og mannréttindadeildar gegnir starfi jafnréttisráðgjafa. Jafnréttisráðgjafi sér um framkvæmd og eftirfylgni með jafnréttisstefnu í samvinnu við

samfélags- og mannréttindaráð og bæjaryfirvöld. Það er hlutverk ráðgjafans að veita stofnunum og starfsfólki bæjarins fræðslu og ráðgjöf um hvaðeina sem snertir jafnréttismál kynjanna, m.a. samþættingu jafnréttisstarfs við starfsemi bæjarins. Jafnréttisráðgjafi hefur einnig umsjón með úttektum og rannsóknum á stöðu og kjörum kynjanna í bæjarkerfinu.

Aðrir ábyrgðaraðilar

Kjörnum fulltrúum, nefndafólki sem og stjórnendum og starfsfólki bæjarins ber að fara eftir jafnréttisstefnunni og vinna að framgangi hennar.

Stjórnendur og starfsmenn Akureyrarbæjar bera ábyrgð á að:
 tryggja að jafnrétti allra sé virt innan stjórnkerfis bæjarins, á vinnustöðum bæjarins og í þjónustu, enda sé þeim gert það kleift með fjármagni og fræðslu á sviði jafnréttismála.

Stjórnendur bera ábyrgð á að:

- a) kynna stefnuna,
- b) vinna samkvæmt stefnunni,
- c) beita kynjasamþættingu í fjárhagsáætlanuferlinu.

Stjórnendur skólastarfs bera sérstaka ábyrgð á að:

- a) fræðsla um jafnrétti kynjanna sé hluti af skólastarfi og sé nánar útfærð í skólanámskrám,
- b) námsefni mismuni ekki kynjum, vinni gegn fordómum og hafi jafnan rétt allra hópa að leiðarljósi,
- c) kennsluhættir taki mið af því fjölbreytta samfélagi sem við búum í,
- d) í náms- og starfsfræðslu sé lögð áhersla á að kynna báðum kynjum störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin kvenna- eða karlastörf.

Stjórnendur í íþróttta-, tómsunda- og æskulýðsstarfi bera sérstaka ábyrgð á að:

- a) skipuleggja félags- og tómsundastarf með jafnrétti að leiðarljósi,
- b) tryggja að félagasamtök sem njóta aðstöðu, styrkja eða annarra gæða sem Akureyrarbær lætur í té, svo sem til íþróttaiðkunar, gæti jafnréttis í hvívetna.

Stjórnendur deilda og stofnana bera sérstaka ábyrgð á að:

- a) fyllsta jafnréttis sé gætt í þjónustu bæjarins,
- b) unnið sé markvisst gegn fordómum og staðalímyndum innan þjónustustofnana og gagnvart notendum þjónustunnar.

Bæjarráði ber að:

- a) vinna sérstaka starfsáætlun í jafnréttismálum,
- b) sjá til þess að inn í starfsáætlunum nefnda og ráða séu jafnréttismarkmið,
- c) kalla árlega eftir skýrslu um framkvæmd jafnréttismála Akureyrarbæjar,
- d) kynna stefnuna og stuðla að þekkingaröflun og miðlun upplýsinga.

Meginforsendur

- ❖ Lýðræðislegt samfélag byggir á þeim grunni að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, uppruna, litarháttar, efnahags, ætternis, fötlunar, aldurs, sjúkdóma eða annarrar stöðu.
- ❖ Jafnrétti kynjanna er tryggt í jafnréttislögum en til að það nái fram að ganga verða konum og körlum að standa til boða sömu tækifæri til áhrifa, virðingar og þátttöku í samfélaginu, jafnt í opinberu lífi sem einkalífi.
- ❖ Með því að stuðla að jafnrétti kynjanna er lagður grunnur að velferð einstaklinga, fjölskyldna, atvinnulífs og samfélagsins alls.
- ❖ Reynsla og gildismat beggja kynja eru lýðræðinu mikilvæg og því er eðlilegt að þátttaka kynjanna í stefnumótun og ákvarðanatöku sé sem jöfnust og að sjónarmiðum og þörfum beggja kynja sé gert jafn hátt undir höfði.
- ❖ Samfélagið þarf á vinnuframlagi kvenna og karla að halda. Það er sjálfsögð krafa að kynin beri úr bótum sömu laun fyrir sömu vinnu. Launajafnrétti kynjanna hefur auk þess bein áhrif á hag fjölskyldna og er því mikilvægt samfélagsmál.

Leiðarljós

- ❖ Skilyrði kvenna og karla á Akureyri til að njóta allra lífsins gæða verði eins og best verður á kosið.

- ❖ Akureyrarbær verði fyrirmynd annarra sveitarfélaga í að gæta hagsmuna kynjanna m.a. með kynjasambættingu við stefnumótun, ákvarðanir og aðgerðir.
- ❖ Stúlkum og drengjum verði sköpuð tækifæri til náms og félagslífs sem ekki mótast af hefðbundnum kynhlutverkum.
- ❖ Stuðlað verði að því að andleg og líkamleg heilsa kynjanna verði sem best.
- ❖ Kynlífsþrælkun, kynferðisleg misnotkun og kynbundið ofbeldi er fordæmt í hvaða mynd sem það birtist í bæjarfélaginu.

Akureyrarbær sem stjórnvald

Nefndir, ráð og stjórnir

Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum bæjarins skal í samræmi við jafnréttislög gæta þess að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki undir 40% þegar um fleiri en 3 fulltrúa er að ræða.

Vinnuhópar og starfshópar sem stofnað er til á vegum bæjarins skulu skipaðir einstaklingum af báðum kynjum. Þetta gildir einnig um hlutafélög og fyrirtæki sem Akureyrarbær er aðaleigandi að svo og félög sem hafa fasta styrktarsamninga við Akureyrarbæ. Undanskilin eru félög þar sem málefnaleg rök má færa fyrir því að stjórnir séu eingöngu skipaðar fólki af öðru kyninu svo sem kvennakórar og karlakórar.

Akureyrarbær gerir sér grein fyrir að ójafnrétti kynjanna er birtingarform sögulegs ójafnvægis í valdahlutföllum milli kvenna og karla sem leitt hefur til mismununar.

Verkefni: Hlutfall kynja í nefndum, ráðum og stjórnnum skal kannað árlega og ábendingum um úrbætur komið til viðeigandi aðila. Kynjahlutfall formanna nefnda verði skoðað sérstaklega.

Fyrir sveitarstjórnarkosningar vorið 2018 verður sérstök hvatning send öllum þeim framboðum sem hyggjast bjóða fram þar sem hvatt verður til jafnrar stöðu kynjanna á framboðslistum.

Ábyrgð: Jafnréttisráðgjafi, forseti bæjarstjórnar.

Áfangar: Samantektir verði gerðar á hverju vori. Snemma árs 2018 verði hvatning send til framboða.

Kynjasambætting í stefnumótun

Einn af grunnþáttum hugmyndafræði kynjasambættingar er að horfa fyrirfram til þeirra þátta sem snert geta kynin á ólíkan hátt og bregðast við ef sýnt þykir að verulega muni halla á annað kynið

með ákveðinni ákvörðun. Því er mikilvægt að hafa verkfæri til að meta fyrirfram hvaða áhrif ákvarðanir bæjaryfirvalda muni hafa á líf bæjarbúa.

Verkefni: Fræðsla um kynjasambættingu verður fyrir alla bæjarfulltrúa, nefndafólk og stjórnendur í upphafi hvers kjörtímabils. Gátlistinn *Gætum jafnréttis* verði notaður til að meta áhrif stefnumótunar á kynin [http://jafnretti.is/D10/ Files/gatlisti_2007.pdf](http://jafnretti.is/D10/Files/gatlisti_2007.pdf)

Ábyrgð: Jafnréttisráðgjafi, samfélags- og mannréttindaráð.

Áfangar: Fræðsla verði haldin sumarið 2018. Jafnréttisgátlistinn verði kynntur bæjarfulltrúum, nefndafólki og stjórnendum sumarið 2018.

Kynjuð fjárhagsáætlanagerð

Í kynjaðri fjárhagsáætlanagerð felst að kynjasambættingu er beitt í öllu fjárhagsáætlanuferlinu. Það þýðir að í vinnunni fer fram mat á áhrifum fjárhagsáætlunar á kynin. Markmiðið með matinu er að endurskipuleggja bæði tekju- og gjaldahlið fjárhagsáætlunar á grundvelli jafnréttissjónarmiða. Kynjuð fjárhagsáætlanagerð er metnaðarfullt verkefni sem kallar á breytingu í hugsun og verki með það að leiðarljósi að skapa sem mest jafnræði á meðal bæjarbúa. Fræðsla og kynning um kynjaða fjárhagsáætlanagerð fyrir alla bæjarfulltrúa, embættismenn, starfsmenn nefnda, nefndafólk og stjórnendur fór fram í mars 2015.

Verkefni:

Fræðslu um kynjaða fjárhagsáætlun verði haldið áfram og gerðar verði leiðbeiningar um beitingu kynjasambættingar í gerð fjárhagsáætlana.

Ábyrgð: Bæjarráð, samfélags- og mannréttindaráð, hagþjónusta.

Áfangar: Nánari fræðsla og kynning verði haldin á hverju hausti í tengslum við fjárhagsáætlanagerð. Gátlisti vegna ákvarðana um breytingar á starfsemi hefur verið útbúinn og skal kynntur fyrir bæjarfulltrúum, nefndafólki og stjórnendum eigi síðar en í ársbyrjun 2016.

Verkefni:

Gerð verði aðgerðaáætlun fyrir verkefnið. Áætlunin verði lögð fyrir bæjarráð.

Ábyrgð: Bæjarráð, samfélags- og mannréttindaráð, hagþjónusta.

Áfangar: Áætlun verði lögð fyrir bæjarráð vorið 2016.

Verkefni: Aðferðafræði kynjaðrar áætlunar verði beitt við fjárhagsáætlanagerð.

Ábyrgð: Bæjarráð, samfélags- og mannréttindaráð, hagþjónusta.

Áfangar: Innleiðing verði vel á veg komin við gerð áætlunar fyrir árið 2017.

Afnám staðalímynda

Í staðalímyndum felast einfaldaðar og einsleitar skoðanir um hóp af fólki. Þær eru oft, en þó ekki alltaf, neikvæðar og geta verið byggðar á fordómum. Mikilvægt er að haldið sé á lofti jákvæðum kynjaímyndum og fordæmum samhliða því sem unnið er gegn fordómum, háttsemi, málfari og myndmáli sem byggir á hugmyndum um æðri og óæðri stöðu annars kynsins eða á staðalímyndum fyrir hlutverk karla og kvenna.

Verkefni: Starfsfólki, bæjarfulltrúum og nefndafólki verði veitt fræðsla um staðalímyndir og hvatt til að fjalla um þær á sínum vettvangi.

Ábyrgð: Samfélags- og mannréttindaráð, jafnréttisráðgjafi og stjórnendur.

Áfangar: Samfélags- og mannréttindaráð taki saman fræðslupakka sem sendur verður á stjórnendur og stjórnendum falið að kynna starfsmönnum sínum í byrjun hvers vetrar. Fyrsti fræðslupakki verði tilbúinn fyrir árslok 2016.

Jafnréttisáætlanir

Til þess að jafnréttissjónarmið verði eðlilegur hluti af starfsemi bæjarins skulu allir vinnustaðir bæjarins með 25 starfsmenn eða fleiri gera jafnréttisáætlanir í samræmi við jafnréttislög.

Áætlanirnar skulu vera aðgerðabundnar. Þetta gildir einnig um hlutafélög og fyrirtæki sem

Akureyrarbær er aðaleigandi að svo og félög sem hafa fasta styrktarsamninga við Akureyrarbæ.

Jafnréttisáætlunum skal skilað inn til samfélags- og mannréttindaráðs til umfjöllunar. Sérstaklega skal fjalla um kynjasambættingu og staðalímyndir í jafnréttisáætlunum.

Verkefni: Settar verði á stofn jafnréttisnefndir hjá þeim stofnunum sem gera skulu jafnréttisáætlanir. Hlutverk nefndanna verði m.a. að vinna skipulega að eftirfylgni við jafnréttisáætlanir.

Ábyrgð: Jafnréttisráðgjafi, forstöðumenn stofnana.

Áfangar: Skýrslur um gang mála skulu lagðar fyrir samfélags- og mannréttindaráð árlega.

Jafnréttisviðurkenningar

Samfélags- og mannréttindaráð tekur upp þá nýjung að veita ár hvert viðurkenningu þeirri stofnun, fyrirtæki, nefnd eða ráði Akureyrarbæjar, einstaklingi eða félagi sem hefur að mati nefndarinnar staðið sig best undangengið ár við framgang jafnréttismála á Akureyri með það að markmiði að auka jafnréttishugsun á Akureyri.

Verkefni: Samfélags- og mannréttindaráð auglýsir eftir tilnefningum. Samfélags- og mannréttindaráð, f.h. bæjarstjórnar Akureyrar, veitir árlega viðurkenningu til þeirrar stofnunar eða þess fyrirtækis í bæjarfélaginu sem mest hefur unnið að framgangi jafnréttisstefnunnar og/eða gefið jafnréttismálum sérstakan gaum.

Ábyrgð: Samfélags- og mannréttindaráð og jafnréttisráðgjafi.

Áfangar: Auglýst skal eftir tilnefningum fyrir vorið 2016.

Þróunarleiðtogar

Nýjung í jafnréttisstarfi Akureyrarbæjar er útnefning þróunarleiðtoga. Hlutverk þeirra er að vera málsvarar kynjasambættingar í öllu starfi og ákvörðunum.

Verkefni: Í hverri nefnd og á hverri deild verði útnefndir þróunarleiðtogar. Þróunarleiðtogar verði einnig í hverjum leikskóla og grunnskóla. Hlutverk þeirra er að vera málsvarar kynjasambættingar. Gerð verði lýsing á hlutverki leiðtoganna og auglýst eftir þróunarleiðtogum innan hvernar deildar/vinnustaðar. Þróunarleiðtogar fái námskeið og fræðsluefni. Sameiginlegir fundir verði með þróunarleiðtogum.

Ábyrgð: Samfélags- og mannréttindaráð, jafnréttisráðgjafi og aðstoðarmaður bæjarstjóra.

Áfangar: Hafist verði handa við að útbúa fræðsluefni fyrri hluta árs 2016. Nokkrir þróunarleiðtogar verði útnefndir í tilraunaskyni fyrri hluta árs 2016. Tilnefningu lokið haustið 2016.

Akureyrarbær sem vinnustaður

Ráðningar

Samkvæmt jafnréttislögum hafa atvinnurekendur þá skyldu að vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Þá leggja löggin sérstaka áherslu á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum. Margir vinnustaða Akureyrarbæjar eru kynjaskiptir og til að

reyna að hafa áhrif þar á er föst regla að í starfsauglýsingum er vitnað til jafnréttisstefnu bæjarins svo ljóst sé að laus störf standi báðum kynjum til boða. Vísað er til *Verklagsreglna vegna ráðninga stjórnenda og annars starfsfólks m.t.t. kynjasjónarmiða* um nánari leiðbeiningar.

Verkefni: Skoðaðar verða sértækar aðgerðir á vinnustöðum bæjarins í því skyni að fjölga starfsmönnum af því kyni sem er í minnihluta.

Ábyrgð: Starfsmannastjóri, embættismenn, forstöðumenn stofnana, jafnréttisráðgjafi, samfélags- og mannréttindaráð.

Áfangar: Fræðsla um staðalímyndir og mögulegar leiðir til að vinna gegn því að störf flokkist í kvenna- og karlastörf skal vera í boði árlega.

Starfsþjálfun og endurmenntun

Atvinnurekendum ber í samræmi við jafnréttislög að tryggja að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar svo og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf.

Verkefni: Stjórnendur verði reglulega minntir á þetta ákvæði. Í starfsmannakönnunum, sem gerðar eru reglulega, verði ávallt spurt út í þátttöku í símenntun. Gerðar verði samantektir á nýtingu stjórnenda á stjórnendafræðslu sem í boði er.

Ábyrgð: Starfsmannastjóri, verkefnastjóri starfsþróunar, jafnréttisráðgjafi.

Áfangar: Samantekt á nýtingu stjórnendafræðslu verði gerð árlega.

Samræming fjölskyldu og atvinnulífs

Til að gera konum og körlum sem starfa hjá Akureyrarbæ kleift að samræma starfsskyldur sínar og fjölskylduábyrgð er mikilvægt að starfsfólk njóti sveigjanleika eins og kostur er. Þá er mikilvægt að hvetja bæði kyn til að nýta fæðingarorlof og hvetja foreldra til að skipta með sér heimaveru vegna veikinda barna.

Verkefni: Í starfsmannakönnunum sem gerðar eru reglulega verði ávallt spurt um samræmingu starfs og einkalífs.

Ábyrgð: Starfsmannastjóri, jafnréttisráðgjafi, stjórnendur.

Áfangar: Smærri úttektir verði gerðar 2017 m.a. könnun meðal kjörinna fulltrúa og nefndafólks.

Launajafnrétti

Jafnréttislög kveða á um að konum og körlum sem starfa hjá sama atvinnurekanda skuli greidd jöfn laun og skuli njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Akureyrarbær hefur sett sér það markmið að eyða óútskýrðum launamun. Að teknu tilliti til niðurstöðu síðustu tveggja launaúttekta skal hafa dregið úr óútskýrðum mun á launum kynjanna í næstu úttekt.

Verkefni: Gerð verði úttekt á launum starfsfólks.

Ábyrgð: Starfsmannastjóri, jafnréttisráðgjafi.

Áfangar: Úttektin verði framkvæmd á árinu 2016.

Jafnlaunavottun

Í samstarfssamningi meirihluta bæjarstjórnar Akureyrar kemur fram að fengin skuli jafnlaunavottun. Á vegum velferðarráðuneytisins hefur verið unninn jafnlaunastaðall ÍST 85:2012 og er unnið að innleiðingu hans með tilraunaverkefnum.

Verkefni: Fylgst verður með því þróunarstarfi sem unnið er í jafnlaunavottun á vegum velferðarráðuneytis og kannað hvort Akureyrarbær getur gerst aðili að því.

Ábyrgð: Jafnréttisráðgjafi og starfsmannastjóri.

Áfangar: Fyrir lok þessa kjörtímabils verði tekin ákvörðun um hvort Akureyrarbær sækir um jafnlaunavottun.

Akureyrarbær sem þjónustuaðili

Skólar, íþróttar- og tómstundastarf

Menntun og skólastarf

Leik- og grunnskólar innleiði gátlista fyrir starfsfólk skólanna þar sem farið er yfir atriði sem snerta jafnrétti og önnur mannréttindi. Taka skal mið af gátlista sem notaður er innan Háskóla Íslands og leyfi fengið til að aðlaga listann að leik- og grunnskólastarfi.

Verkefni: Skóladeild verði falið að leita eftir leyfi hjá HÍ til að aðlaga gátlistann að leik- og grunnskólastarfi. Skóladeild sjái um aðlögun gátlistans.

Ábyrgð: Fræðslustjóri.

Áfangar: Aðlögun gátlistans verði lokið fyrir vorið 2016 og stefnt að því að kynna hann starfsfólki leik- og grunnskóla haustið 2016.

Tómstundir og íþróttir

Ákvæði jafnréttislaga um að gæta skuli kynjasambættingar við alla stefnumótun og áætlanagerð í tómsunda- og íþróttastarfi gildir um starfsemi bæjarins sem og starfsemi félaga sem hafa fasta styrktarsamninga við Akureyrarbæ. Einnig er mikilvægt að horfa til staðalímynda kynjanna í tómsunda- og íþróttastarfi.

Verkefni: Inn í samninga Akureyrarbæjar við félög sem sinna íþróttá- og tómsundastarfi komi ákvæði um kynjasambættingu. Fræðsla um staðalímyndir verði boðin öllum tómsunda- og íþróttafélögum bæjarins sem og starfsfólki Akureyrarbæjar sem vinnur að tómsunda- og íþróttamálum.

Ábyrgð: Samfélags- og mannréttindaráð, íþróttaráð, ÍBA.

Áfangar: Eftir því sem samningar eru endurskoðaðir skal bæta í þá ákvæðum um kynjasambættingu. Veturinn 2015-2016 verði fræðslufundur í boði í samstarfi við ÍBA.

Kynbundin og kynferðisleg áreitni

Sem atvinnurekanda ber Akureyrarbæ að gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir kynbundna eða kynferðislega áreitni á vinnustöðum, stofnunum, í félagsstarfi eða skólum.

Verkefni: Reglulega verði minnt á leiðbeiningar um viðbrögð við kynferðislegri áreitni og einelti á vinnustöðum Akureyrarbæjar og boðið upp á fræðslu um kynferðislega og kynbundna áreitni. Þegar gerðar eru starfsmannakannanir skal spurt hvort starfsfólk hafi orðið fyrir áreitni eða viti að aðrir starfsmenn bæjarins hafi orðið fyrir áreitni á vinnustað.

Ábyrgð: Jafnréttisráðgjafi, starfsmannastjóri.

Áfangar: Deildum og stofnunum bæjarins standi ávallt til boða fræðsla um áreitni á vinnustöðum.

Kynbundið ofbeldi

Eitt af markmiðum jafnréttislaga er að vinna gegn kynbundnu ofbeldi. Samkvæmt skilgreiningu laganna er kynbundið ofbeldi „ofbeldi á grundvelli kynferðis sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þolanda, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.“

Verkefni: Aðgerðaáætlun um viðbrögð við kynbundnu ofbeldi verði endurskoðuð.

Ábyrgð: Velferðarráð.

Áfangar: Endurskoðuð áætlun liggja fyrir haustið 2016.

Sjá einnig verkefnið um kynjasambættingu, kynjaða fjárhagsáætlanagerð og staðalímyndir í kaflanum „Akureyri sem stjórnvald.“

Samþykkt í samfélags- og mannréttindaráði 10. desember 2015

Samþykkt í bæjarstjórn 19. janúar 2016